

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar, nr. 410/2024.

1. gr.

Heiti samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi: Samþykkt um stjórn Vesturbyggðar.

2. gr.

Heiti 5. tl. B-liðar 48. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi: Öldungaráð.

3. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Vesturbyggðar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 11. nóvember 2024.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Ólöf Sunna Jónsdóttir.